

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. júlí 2015
UST201507-011/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Drápskletta í Sveitarfélaginu Hornafjörður.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjörður er barst 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu deiliskipulags við Drápskletta.

Fyrirhugað er að deiliskipuleggja 56,25 ha svæði, svokallaða Drápskletta við Skarðsfjörð. Svæðið liggur að fjörum og leirum Skarðsfjarðar sem er svæði nr. 629 á náttúruminjaskrá eins og fram kemur í lýsingu. Umhverfisstofnun tekur undir það að fjörum og leirum verði hlíft við öllu raski.

Athafnasvæði

Áætlað er að á svæðinu verði athafnasvæði á 4 ha svæði. Umhverfisstofnun tekur undir það að svæðið er eingöngu áætlað fyrir iðnað sem lítil mengun stafar frá, enda fjörur í nágrenninu á náttúruminjaskrá. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að það komi skýrt fram á deiliskipulagsuppdrætti að athafnasvæði sé fyrirhugað fyrir léttan iðnað sem lítil mengun stafi frá.


Íþróttasvæði


Í lýsingu kemur fram að mótorkrossbraut sem nú er á svæðinu muni víkja og svæðið muni verða áætlað opið svæði, útivistarsvæði í fyrirhuguðu deiliskipulagi. Einnig kemur fram að undir núverandi braut séu gamlir öskuhaugar og að það þurfi að hafa í huga við hugsanlegt jarðrask. Umhverfisstofnun bendir á að mögulega þurfi að vakta mengun frá gömlum öskuhaugum. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að ekki er bannað að grafa á öskuhaugasvæði, en stofnunin mælir ekki með því vegna mengunarhættu.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlanir um fráveitu komi skýrt fram í fyrirhuguðu deiliskipulagi þar sem Skarðsfjörður er á náttúruminjaskrá vegna lífauðugra leira og grunnsævis með miklu fuglalífi sem ber að vernda.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Hrönn G Guðmundsdóttir
Sérfræðingur